

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 189/2024

2024/EES/92/08

frá 23. september 2024

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1054 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Weizmannia faecalis* DSM 32016 sem fôðuruakefni til notkunar í fôður og í drykkjarvatn fyrir allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps eða til undaneldis og til notkunar í drykkjarvatn fyrir allar tegundir alifugla til eldis, skrautfugla, mjólkurgrísi og grísi af svínaætt sem hafa verið vandir undan (leyfishafi er Biochem Zusatzstoffe Handels- und Produktionsges. mbH) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1755 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir þeirri blöndu ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1055 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir járn(II)betaínflóka sem fôðuruakefni fyrir allar dýra-
tegundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1056 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir ribóflavín-5'-fosfatmónónatríumsalti (B2-vítamíni), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM 10445, sem fôðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1057 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.19, sem fôðuruakefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps og skrautfugla (leyfishafi er: Nutrex N.V.) ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1058 frá 10. apríl 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33700, sem fôðuruakefni fyrir alifugla til eldis, fráfærugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og varphænur, um breytingu á skilmálum leyfisins og leyfi fyrir nýrri notkun á þeirri blöndu sem fôðuruakefni fyrir allar tegundir alifugla og öll svín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1206/2012, (ESB) nr. 2020/995 og (ESB) 2020/1034 ⁽⁵⁾.
- 6) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2024/1058 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1206/2012 ⁽⁶⁾, framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/995 ⁽⁷⁾ og framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1034 ⁽⁸⁾ sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott samkvæmt samningnum.
- 7) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 8) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1054, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1054/oj

⁽²⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1055, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1055/oj

⁽³⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1056, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1056/oj

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1057, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1057/oj

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1058, 11.4.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1058/oj

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 12.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 221, 10.7.2020, bls. 84.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 227, 16.7.2020, bls. 34.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við 376. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1755):

„, breytt með:

- **32024 R 1054:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1054 frá 10. apríl 2024 (Stjtið. ESB L, 2024/1054, 11.4.2024).“

2. Eftirfarandi liðir bætast við á eftir 571. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/997):

„572. **32024 R 1054:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1054 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með *Weizmannia faecalis* DSM 32016 sem fôðuraukefni til notkunar í fôður og í drykkjarvatn fyrir allar tegundir alifugla sem eru aldar til varps eða til undaneldis og til notkunar í drykkjarvatn fyrir allar tegundir alifugla til eldis, skrautfugla, mjólkurgrísi og grísi af svínaætt sem hafa verið vandir undan (leyfishafi er Biochem Zusatzstoffe Handels- und Produktionsges. mbH) og um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/1755 að því er varðar skilmála leyfisins fyrir þeirri blöndu (Stjtið. ESB L, 2024/1054, 11.4.2024).

573. **32024 R 1055:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1055 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir járn(II)betaínflóka sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/1055, 11.4.2024).

574. **32024 R 1056:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1056 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir ribóflavin-5'-fosfatmónónatríumsalti (B2-vítamíni), sem er framleitt með *Bacillus subtilis* KCCM 10445, sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L, 2024/1056, 11.4.2024).

575. **32024 R 1057:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1057 frá 10. apríl 2024 um leyfi fyrir blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Komagataella phaffii* CGMCC 7.19, sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla til eldis eða sem eru aldir til varps og skrautfugla (leyfishafi er Nutrex N.V.) (Stjtið. ESB L, 2024/1057, 11.4.2024).

576. **32024 R 1058:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1058 frá 10. apríl 2024 um endurnýjun á leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* DSM 33700, sem fôðuraukefni fyrir alifugla til eldis, fráfarugrísi, eldissvín, mjólkandi gyltur og varphænur, um breytingu á skilmálum leyfisins og leyfi fyrir nýrri notkun á þeirri blöndu sem fôðuraukefni fyrir allar tegundir alifugla og öll svín (leyfishafi er DSM Nutritional Products Ltd, fulltrúi hans er DSM Nutritional Products Sp. z o.o.) og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 1206/2012, (ESB) nr. 2020/995 og (ESB) 2020/1034 (Stjtið. ESB L, 2024/1058, 11.4.2024).“

3. Texti liða 74 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2012), 325 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/995) og 331 (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1034) og 2. undirliður (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2012) við lið 1zss (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005) fellur brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2024/1054, (ESB) 2024/1055, (ESB) 2024/1056, (ESB) 2024/1057 og (ESB) 2024/1058, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.